



# 5

**HRINGVEGUR (1):**  
Öryggisaðgerðir við Helluvað,  
Skútustaðahreppi

## KYNNING FRAMKVÆMDA



september 2011

# HRINGVEGUR

Öryggisaðgerðir við Helluvað, Skútustaðahreppi

Kynning framkvæmda

Gunnar H. Jóhannesson og  
Helga Aðalgeirsdóttir



Veghönnunardeild Akureyri

september 2011

# Efnisyfirlit

<b>1.</b>	<b>YFIRLIT .....</b>	<b>2</b>
1.1.	ALMENNT .....	2
1.2.	MARKMIÐ FRAMKVÆMDAR .....	2
1.3.	MATSSKYLDA .....	2
1.4.	AFMÖRKUN OG ÁHRIFASVÆÐI FRAMKVÆMDAR .....	2
1.5.	LANDEIGENDUR OG AÐRIR SAMRÁÐSAÐILAR .....	3
1.6.	RANNSÓKNIR .....	3
1.7.	STAÐA SKIPULAGS .....	3
1.8.	LÖG UM VERNDUN MÝVATNS OG LAXÁR .....	3
1.9.	LEYFISVEITENDUR .....	4
<b>2.</b>	<b>STAÐHÆTTIR Á FRAMKVÆMDASVÆÐI .....</b>	<b>5</b>
2.1.	STAÐHÆTTIR .....	5
2.2.	NÚVERANDI VEGUR .....	5
2.3.	UMFERÐ OG SLYS .....	7
<b>3.</b>	<b>FRAMKVÆMDALÝSING .....</b>	<b>8</b>
3.1.	FRAMKVÆMDALÝSING .....	8
3.1.1.	Vegrið og kantar .....	8
3.1.2.	Efnispörf .....	8
3.2.	FRÁGANGUR .....	9
3.3.	FRAMKVÆMDATÍMI .....	9
<b>4.</b>	<b>UMHVERFIS- OG FRAMKVÆMDAÞÆTTIR .....</b>	<b>10</b>
4.1.	ÞÆTTIR SEM LÍKLEGA VALDA UMHVERFISÁHRIFUM .....	10
4.1.1.	Lagfæring kanta og vegfláa, uppsetning vegriða .....	10
4.1.2.	Efnistaka .....	11
4.2.	UMHVERFISÞÆTTIR SEM GETA ORÐIÐ FYRIR ÁHRIFUM .....	11
4.3.	AÐGERÐIR Á FRAMKVÆMDATÍMA .....	11
<b>5.</b>	<b>NIÐURSTAÐA .....</b>	<b>12</b>
<b>6.</b>	<b>HEIMILDIR .....</b>	<b>13</b>
<b>7.</b>	<b>TEIKNINGAR .....</b>	<b>13</b>

**Forsíðumynd:** Brú yfir Helluvaðsá. Horft niður með Laxá og í átt að Mývatnsheiði.

# 1. YFIRLIT

## 1.1. ALMENNT

Vegagerðin er með skýrslu þessari að kynna öryggisaðgerðir á Hringvegi í Mývatnssveit í Skútustaðahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu (teikning 1). Á Hringvegi við Helluvað liggja Laxá og Helluvaðsá alveg upp við veginn. Af þessu skapast mikil hætta ef ökutæki aka út af.

Fyrirhugað er koma fyrir víravegriðum á um 740 m kafla meðfram núverandi vegi þar sem hann liggur yfir Helluvaðsá og á bökkum Laxár og Helluvaðsár í Mývatnssveit. Talið er að með notkun víravegriðs verði ásýnd minna áberandi en af öðrum gerðum vegriða. Í tengslum við framkvæmdina þarf að breikka vegaxlir, lagfæra kanta og rekstrarleið sauðfjár og færa bílastæði við veginn.

Framkvæmdasvæðið liggur um lönd jarðanna Helluvaðs, Laxárþakka og Arnarvatns.

Áætluð efnispörf til framkvæmdarinnar er um 1520 m<sup>3</sup>. Áætlaður framkvæmdatími er haustið 2011.

Vegagerðin telur að framkvæmdin hafi fremur lítil umhverfisáhrif nema hvað varðar betri samgöngur og bætt umferðaröryggi.

## 1.2. MARKMIÐ FRAMKVÆMDAR

Tilgangur framkvæmdarinnar er að auka öryggi vegfarenda sem leið eiga um Hringveginn í Mývatnssveit og draga úr hættu á mengunarslysi í Laxá og Helluvaðsá í Mývatnssveit.

## 1.3. MATSSKYLDA

Framkvæmdin telst ekki matskyld skv. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 með síðari breytingum.

Framkvæmdasvæðið er í Mývatnssveit þar sem gilda lög nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

Framkvæmdin telst ekki vera enduruppbygging á vegi utan þéttbýlis á verndarsvæði, svo hún fellur ekki undir 6 gr. laga um mat á umhverfisáhrifum varðandi könnun á matsskyldu framkvæmdar.

Framkvæmdum verður hagað þannig að neikvæð áhrif þeirra verði sem minnst og haft hefur verið samráð við ýmsa hagsmunaaðila sem framkvæmdina varðar.

## 1.4. AFMÖRKUN OG ÁHRIFASVÆÐI FRAMKVÆMDAR

Áhrifasvæði framkvæmdarinnar þar sem áhrifin eru tengd bættum og öruggari samgöngum og framkvæmdasvæði sjálft, þ.e.a.s. það svæði sem fer beint undir breikkun og endurbætur á fláum vegarins, er við Helluvað í Mývatnssveit. Framkvæmdasvæðið nær einnig yfir efnistökusvæði.

Framkvæmdin afmarkast af endurbótum á fláum vegarins á svæðinu. Rekstur mannvirkisins og viðhald verður um fyrirsjáanlega framtíð eftir að framkvæmd lýkur.

Framkvæmdasvæði þessarar framkvæmdar nær mjög lítið út fyrir núverandi veg. Við uppsetningu vegriða verður þess gætt að raska ekki árbökkum Laxár eða Helluvaðsár frekar en núverandi vegur gerir.

Almennt er gert ráð fyrir að takmarka stærð framkvæmdasvæðis eins og unnt er og er það tilgreint í verkögnum.

## 1.5. LANDEIGENDUR OG AÐRIR SAMRÁÐSAÐILAR

Samráð hefur verið haft við eftirtalda aðila og þeim send kynningargögn:

- **Landeigendur**, um framkvæmdir og framkvæmdatíma á svæðinu:
  - Helluvað: **Ingólfur Jónasson** og Sigurgeir Jónasson.
  - Laxárbakki: Árni Gíslason
  - Arnarvatn I: **Sólveig Hólmfríður Jónsdóttir**
  - Arnarvatn II: **Sólveig Hólmfríður**, Sigurður, Áshildur, Guðrún og Sólveig Jónsbörn
  - Arnarvatn III: Vilborg Friðjónsdóttir og Ingigerður, **Örlygur** og Kolbjörn Arnljótsbörn.
  - Arnarvatn IV: **Bergþóra Eysteinsdóttir og Ásta Kristín Benediktsdóttir**

Haft hefur verið samráð við þá aðila sem eru ritaðir með feitu letri auk Gísla Árnasonar að Laxárbakka og þeir síðan haft samráð við aðra landeigendur. Þessir aðilar höfðu engar athugasemdir við framkvæmdina

Einnig hefur verið haft samráð við:

- **Sveitarstjórn Skútustaðahrepps**, varðandi framkvæmdaleyfi. Sveitarstjórn fjallaði um málið á fundi 25. ágúst 2011 og taldi hún framkvæmdina ekki framkvæmdaleyfisskylda.

Haft verður samráð við:

- **Umhverfisstofnun**, varðandi leyfi til framkvæmda á verndarsvæði Mývatns og Laxár og vegna efnistöku og frágangs á svæðinu.

## 1.6. RANNSÓKNIR

Þar sem um er að ræða lagfæringar á núverandi vegi er ekki talin þörf á rannsóknnum á gróðurfari, fuglalífi eða fornleifum.

Jarðfræðingur hjá Vegagerðinni hefur kannað efnistökuönguleika á framkvæmdasvæðinu og starfsmenn Vegagerðarinnar hafa gengið veglínuna og þversniðsmælt hana. Vegagerðin lét setja út vegkanta og fláafætur á völdum stöðum og fór starfsmenn frá henni í skoðunarferð um svæðið með Ingólfi Jónassyni á Helluvaði. Hann hafði svo í kjölfarið samband við nokkra aðra landeigendur um framkvæmdina.

## 1.7. STAÐA SKIPULAGS

Aðalskipulag Skútustaðahrepps 1996-2015 var samþykkt 31.12.1997. Þar er Hringvegurinn sýndur og engar breytingar á staðsetningu hans fyrirhugaðar. Fyrirhuguð framkvæmd hefur því engin áhrif á aðalskipulag sveitarfélagsins.

## 1.8. LÖG UM VERNDUN MÝVATNS OG LAXÁR

Ákvæði laga nr. 97/2004 taka til Mývatns og Laxár með eyjum, hólum og kvíslum, allt að ósi árinna við Skjálfandaflóa, ásamt 200 m breiðum bakka meðfram Mývatni öllu og Laxá báðum megin. Auk þess ná lög þessi til eftirtalinnna votlendissvæða, ásamt 200 m bakka meðfram vötnum, ám og lækjum: Sortulækjar, Geirastaðahrauns, Sandvatns ytra, Belgjarskógar, Slýja, Neslandatanga, Framengja, Krákár frá Strengjabrekku að Laxá, Grænavatns, Helluvaðsár og Arnarvatns, ásamt votlendi sem því tilheyrir.

Í 3. gr. laganna kemur fram að óheimilt er að valda spjöllum eða raski á lífríki, jarðmyndunum og landslagi á landsvæði því sem lögin ná yfir og að leita skuli leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmdum sem haft geta áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag á landsvæði því sem lögin ná yfir.

## 1.9. LEYFISVEITENDUR

- Í samræmi við 3. gr. laga um verndun Mývatns og Laxár nr. 97/2004 þarf að leita leyfis Umhverfisstofnunar fyrir viðkomandi framkvæmd.
- Í samræmi við 13. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 123/2010 þarf Vegagerðin að sækja um framkvæmdaleyfi fyrir fyrirhugaðri framkvæmd til Skútustaðahrepps.
- Væntanlegur verktaki þarf að sækja um leyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra (skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun).



**Mynd 1.** Hringvegur og Helluvaðsá. Horft í átt að Mývatnsheiði.

## 2. STAÐHÆTTIR Á FRAMKVÆMDASVÆÐI

### 2.1. STAÐHÆTTIR

Framkvæmdasvæðið er við Helluvað í Mývatnssveit á bökkum Laxár og Helluvaðsár.

Laxá er um 59 km löng. Vatnasvið Laxár er um 1.550 km<sup>2</sup> og meðalrennsli árinna um 43 m<sup>3</sup>/s. Vatnið í Laxá er að mestu lindavatn sem kemur úr Mývatni, um 32 m<sup>3</sup>/s, en skammt neðan útfallsins úr Mývatni bætist Kráká í Laxá. Hún er einnig lindá og flytur um 7 m<sup>3</sup>/s úr uppsprettum í Krákárlækjum um 30 km sunnar. Tvær dragár falla í Laxá. Reykjadalásá (um 2,5 m<sup>3</sup>/s) og Mýrarkvísl (5 m<sup>3</sup>/s) sem fellur í Laxá við Laxamýri skammt ofan Æðarfossa, en þaðan er skammt til sjávar. Af smærri ám sem falla í Laxá ber helst að nefna Sortulæk og Helluvaðsá (Umhverfisstofnun, 2011).

Laxá ofan virkjunar er af mörgum talið eitt besta urriðasvæði landsins og þó víðar væri leitað. Náttúrufar og urriðastofn Laxár er einstakur ([www.svfr.is](http://www.svfr.is)).

### 2.2. NÚVERANDI VEGUR

Framkvæmdasvæðið er á bökkum Laxár og Helluvaðsár. Hringvegurinn sem kemur ofan af Mývatnsheiði er staðsettur á bökkum Laxár á um 300 m löngum kafla áður hann kemur að Helluvaðsá, síðan liggur hann yfir Helluvaðsá og þaðan er hann á mjóum tanga milli ána á tæplega 400 m kafla. Á þessum hluta Hringvegarins eru vegfláar brattir og vegurinn uppfyllir ekki öryggiskröfur Vegagerðarinnar. Ef ökutæki aka út af skapast af því mikil slysa- og mengunarhætta.

Á Helluvaðsá er brú sem byggð var árið 1964 en breikkuð árið 1996. Hún er 10 m löng og 7,5 m breið. Á henni eru stutt bitavegríð.

Meðfram syðsta hluta vegarins liggur hitaveitulögn í vegkanti.

Girðingar eru meðfram núverandi vegi á nokkrum stöðum á þessum kafla.

Ein veltenging er að Helluvaði og Laxárbakka og við brúna yfir Helluvaðsá er rekstrarleið sauðfjár sem oft er notuð á vorin og haustin. Kindurnar eru þá reknar frá bæjunum, meðfram Helluvaðsá, eftir gömlum vegi sem kemur að Hringvegi fast við brúna, yfir Helluvaðsá á brúnni, og þaðan út af veginum, eftir rekstrarleið og yfir Laxá á göngubrú, út í eyju sem nýtt er sem beitiland sauðfjár. Gamli vegurinn við Helluvaðsá er talsvert nýttur af veiðimönnum sem bílastæði.



Mynd 2. Tenging við Helluvað og Laxárbakka.



**Mynd 3.** Vegurinn liggur á bökkum Helluvaðsár. Laxá sést hinum megin við hann .



**Mynd 4.** Rekstrarleið sauðfjár við brúna á Helluvaðsá.





**Mynd 5.** Hættulegur vegkantur á bökkum Laxár þar sem komið er ofan af Mývatnsheiði.



**Mynd 6.** Hættulegur vegkantur á bökkum Laxár sunnan við Helluvaðsá.

### **2.3. UMFERÐ OG SLYS**

Ársgdagsumferð á vegarkaflanum árið 2009 var 487 bílar/sólarhring. Sumardagsumferð var 921 bílar/sólarhring og vetrardagsumferð var 213 bílar/sólarhring. Framreiknuð ársdagsumferð árið 2031, 20 árum eftir að framkvæmd lýkur er um 760 bílar/dag.

Aðeins eitt slys hefur orðið á umræddum kafla á síðustu 4 árum, árið 2007. Slysið varð við brúna á Helluvaðsá, bíllinn endaði utan vegar, en engin meiðsl urðu á fólki. Að sögn heimamanna hafa orðið þarna mörg slys í áranna rás þar sem bíla hafa lent utan vegar.

## 3. FRAMKVÆMDALÝSING

### 3.1. FRAMKVÆMDALÝSING

#### 3.1.1. Vegrið og kantar

Framkvæmdakafli er um 740 m langur, milli stöðva 12620 og 13360.

Lagt er til að á þessum kafla verði sett víravegrið þar sem kröfum um öryggissvæði er ekki uppfyllt. Áætluð vegriðslengd er um 700 m norðan vegar og um 280 m sunnan vegar.

Austan við brúna á Helluvaðsá þarf að vera fjárrekstrarleið og því verður að hafa op í vegriðið og er hugmyndin að gera það þannig að bitavegriðið á brúnni verði lengt og sveigt út. Endi þess og víravegriðs munu svo skarast þannig að bitvegriðið muni taka við bílum á vesturleið sem lenda framhjá enda víravegriðsins.

Við bilið sem myndast milli vegriðsendanna og út frá því þarf að laga fjárrekstrarleið og skapa öryggissvæði ef bílar lenda þar inn.

Þar sem vegriðum verður komið fyrir verða vegaxlir og fláar löguð. Við lagfæringuna verður þess gætt að raska landi sem minnst. Árbakkar verða hvergi skertir. Á köflum þar sem ekki er þörf á vegriðum verða vegfláar lagfærðir og gerðir meira aflíðandi (flatari). Þar verður þess gætt að raska landi sem minnst og fyllingar munu hvergi ná að árbakka.

Við stöð 13.180 er gamall vatnsfarvegur þar sem vatn úr Laxá flæddi yfir í Helluvaðsá í flóðum. Landeigendur hafa óskað eftir að vatnsfarvegurinn verði opnaður. Gerð verður tilraun til að setja grjótpúkk í vegfláann á þessum stað.

Við vestari vegriðsendann að sunnan er lagt til að gert verði bílastæði fyrir veiðimenn sem jafnframt nýtist sem fjárrekstrarleið fyrir ábúendur.

#### 3.1.2. Efnispörf

Heildarefnispörf vegna framkvæmda við veginn er um 1.500 m<sup>3</sup> og af því eru um 200-300 m<sup>3</sup> vegna bílastæðis og fjárrekstarleiðar.

Tafla 1. Helstu magntölur.

	Hringvegur m <sup>3</sup>
<b>Efnispörf:</b>	
Klæðingarefni	20
Efra burðarlagsefni	200
Neðra burðarlagsefni	300
Fyllingarefni	550
Fláaefni	550
<b>Samtals</b>	<b>1.520</b>

Lagt er til að taka efni á eftirtöldum stöðum:

**Fláaefni:** Jökulruðningsnáma við Stangarveg 550 m<sup>3</sup>

**Fyllingarefni:** Gjallnáma við Geirastaði 550 m<sup>3</sup>

**Neðra burðarlagsefni:** Flugvallarnáma við Reykjahlíð, malarnáma 300 m<sup>3</sup>

**Efra burðarlags- og klæðingarefni:** Flugvallarnáma við Reykjahlíð 200 m<sup>3</sup>

Geirastaðanáma og Flugvallarnáma eru á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015. Þær hafa verið notaðar í mörg ár, en Geirastaðanáma þó lítið á seinni árum. Jökulruðningsnáman við Stangarveg er ekki á skipulagi. Hún er opin en hefur verið notuð á síðari árum og þar á að taka bæði jökulruðning og mold.

Samkomulag er bæði við eigendur námu við Stangarveg (Helluvað, Laxárbakki) og Geirastaðanámu (Geirastaðir) um hvar í námu og hvernig efnistöku verður háttáð.

Í flugvallarnámu á Vegagerðin efnishauga með klæðingar- og efra burðarlagsefni. Semja þarf um aðgang að neðra burðarlagsefni við landeiganda.

### 3.2. FRÁGANGUR

Í verkögnum verður greint frá hvernig haga skuli frágangi vegkanta. Reynt verður að haga framkvæmdum þannig að sem minnst rask verði á gróðri og jarðvegi. Fyllingar verða aðlagðar vel að landinu í kring.

Frágangi á námum verður hagað þannig að ekki myndist vindálag á lausan jarðveg. Þær verða sléttaðar vel og í samræmi við landslag og halla umhverfis. Gengið verður frá námum í samráði við landeigendur.

Við uppgræðslu verður farið eftir leiðbeiningum Vegagerðarinnar um gróðurhönnun á vegsvæðum í dreifbýli. Miðað er við að sáð verði í vegkanta og vegfláa. Áður en sáð er þarf að slétta raskað land vel í samræmi við landslag og halla. Sáð verður gróðurtegundum sem henta fyrir svæðið og skera sig ekki úr umhverfinu.

Færa þarf hlið á girðingu inn í beitarhólf norðan vegar í landi Helluvaðs. Vegrið mun loka aðgangi að núverandi hliði og verður nýtt hlið sett nærri stöð 12635. Öðrum girðingum verður ekki raskað.

### 3.3. FRAMKVÆMDATÍMI

Áætlaður framkvæmdatími er haustið 2011. Fjárveiting til verksins er um 14 Mkr. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir geti hafist um leið og öll tilskilin leyfi liggja fyrir.



Mynd 7. Svæði meðfram vegi, norðan heimreiðar að Helluvaði og Laxárbakka.

## 4. UMHVERFIS- OG FRAMKVÆMDAÞÆTTIR

Skilgreindir eru þeir umhverfisþættir sem líklegt er að verði fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar og hvaða framkvæmdaþættir það eru sem valda þeim.

### 4.1. ÞÆTTIR SEM LÍKLEGA VALDA UMHVERFISÁHRIFUM

Eftirfarandi eru þættir sem líklegir eru til að valda umhverfisáhrifum:

#### 4.1.1. Lagfæring kanta og vegfláa, uppsetning vegriða

Umhverfisáhrif vegagerðar fara eftir staðsetningu og hönnun vega, stærð vegsvæðis og frágangi.

Þegar gerðar eru lagfæringar á gömlum vegi verða áhrif framkvæmdarinnar minni en þegar um nýbyggingu er að ræða. Helstu áhrif vegna framkvæmda á Hringvegi á þessum kafla felast í bættum samgöngum og meira umferðaröryggi.

Helstu neikvæðu áhrif framkvæmdarinnar eru að við lagfæringu kanta þar sem gert er ráð fyrir vegriðum verða vegaxlir breikkaðar á köflum og þar sem vegriðum sleppir verða vegfláar breikkaðir. Við þessar aðgerðir verður grónum svæðum raskað. Hins vegar er gróðurinn í vegköntunum ekki sérstakur eða viðkvæmur fyrir raski, því framkvæmdasvæðinu hefur meira og minna verið raskað áður. Á kafla þar sem vegfláar verða helst breikkaðir, sunnan heimreiðar að Helluvaði og Laxárbakka, hefur landinu verið raskað með vegagerð og lagningu hitaveitu. Norðan heimreiðarinnar hefur landinu verið raskað með búskap og vegagerð. Á því svæði er mögulegt að raska þurfi óröskuðu landi á stuttum kafla (mynd 7). Einnig verður lítilshátta röskun á óröskuðu landi sunnan vegar austan við brúna yfir Helluvaðsá.



**Mynd 8.** Við upphaf framkvæmdakafans að sunnanverðu. Við hlið vegarins sést hitaveitulögnin.

Vegrið á þessum stað munu hafa sjónræn áhrif, en Vegagerðin telur að þau verði ekki mikil.

Umferð vinnuvéla á framkvæmdartíma hefur líklega áhrif á hávaða, útblástursmengun, hættu á mengunarslysum og rykmengun.

#### 4.1.2. Efnistaka

Umhverfisáhrif efnistöku eru háð staðsetningu, efnispörf framkvæmdarinnar og frágangi námunnar að efnistöku lokinni. Efnistökuastaðir og efnispörfin ráðast af staðsetningu vegarins.

Við lagningu vega þarf efni í klæðingu, burðarlög og fyllingar. Efnistaka getur haft áhrif á gróður, dýralíf, mannvistarleifar eða jarðmyndanir. Þá breytir efnistaka landslagi.

### 4.2. UMHVERFISÞÆTTIR SEM GETA ORÐIÐ FYRIR ÁHRIFUM

Vegagerðin hefur metið hvort líklegt sé að öryggisaðgerðir á Hringvegi við Helluvað geti haft veruleg áhrif á umhverfið.

Þar sem fyrirhuguðu framkvæmdasvæði hefur áður verið raskað og verkið felst í lagfæringu á núvernadi vegi, telur Vegagerðin að áhrif framkvæmdarinnar á umhverfið verði óveruleg. Bökkum Laxár og Helluvaðsár verður ekki raskað.

### 4.3. AÐGERÐIR Á FRAMKVÆMDATÍMA

- Vegagerðin mun stuðla að því að röskun á landi verði haldið í lágmarki og að hún takmarkist aðeins við vegstæðið sjálft. Framkvæmdin verður hönnuð þannig að hún falli sem best að landslagi. Reynt verður að skerða gróðurlendi sem minnst. Lögð verður áhersla á að verktaki gæti þess vel að raska hvergi landi utan við skilgreint framkvæmdasvæði, námuvegi og námur og að allur frágangur verði sem bestur.
- Til að draga úr hugsanlegum áhrifum framkvæmdarinnar á lífríki Laxár og Helluvaðsár, mun Vegagerðin í verkögnum um framkvæmd verksins, ítreka ábyrgð verktaka gagnvart mengunarreglugerð (nr. 48/1994 með síðari breytingum). **Í verkögnum mun m.a. koma fram að ekki verði leyft að geyma mengandi efni á framkvæmdasvæðinu.**
- Gerðar verða kröfur um að vinnuvélar séu í góðu ástandi og ekki sé olíuleki eða olíusmit frá þeim. Einnig verða gerðar kröfur um að ekki sé olíusmit á pöllum efnisflutningabíla.
- Ef verkataki þarfnast geymslusvæðis fyrir vinnuvélar, utan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis, skal hann semja um það við landeigendur.
- Girt verður að nýju ef hrófla þarf við girðingum meðfram veginum.
- Svæðið verður jafnað, grætt upp og reynt að gera sárið í landinu sem minnst áberandi.

## 5. NIÐURSTAÐA

Gerðar verða öryggisaðgerðir á Hringvegi þar sem hann liggur á bökkum Laxár og Helluvaðsár í Mývatnssveit. Vegaxlir og kantar verða löguð og vegriðum verður komið fyrir.

Vegagerðin hefur ekki látið gera rannsóknir á svæðinu. Ekki eru til upplýsingar um fugla eða gróðurfar á svæðinu eða fornleifar. Hins vegar er framkvæmdasvæðið ýmist á eða í jaðri svæðis sem þegar hefur verið raskað með vegagerð eða lagningu hitaveitu.

Reiknað er með að áhrif framkvæmdarinnar á náttúrufer svæðisins verði óveruleg og áhrif á fornleifar verði engin.

Í verkögnum verður tekið fram að takmarka skuli framkvæmdasvæðið eins og hægt er.

Svæðið verður jafnað, grætt upp og reynt að gera sárið í landinu sem minnst áberandi.

Hætta á mengunarslysum eykst á framkvæmdatíma en að loknum framkvæmdum verður hættan minni en í dag vegna öruggari vegar.

Framkvæmdin liggur á svæði sem verndað er með lögum um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu sem tóku gildi árið 2004. Markmið þeirra er að stuðla að náttúruvernd á Mývatns- og Laxásvæðinu í samræmi við meginregluna um sjálfbæra þróun og tryggja að vistfræðilegu þoli svæðisins verði ekki stefnt í hættu af mannavöldum. Jafnframt segir í lögnum að þau eigi að tryggja verndun líffræðilegrar fjölbreytni á vatnasviði Mývatns og Laxár, ásamt verndun jarðmyndana og landslags með virkri náttúruvernd, einkum með tilliti til vísindalegra, félagslegra og fagurfræðilegra sjónarmiða (Umhverfisstofnun, 2011).

Vegagerðin mun leita leyfis Umhverfisstofnunar fyrir viðkomandi framkvæmd í samræmi við lög nr. 97/2004.

Í verkögnum verður verktaka sett skilyrði varðandi umgengni innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis.

Jákvæð umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru töluverð. Þau felast í bættum samgöngum, meira umferðaröryggi og minni rykmengun.

Vegagerðin telur að viðkomandi vegaf framkvæmd og sú námuvinnsla sem henni fylgir muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Að loknum framkvæmdum verður minni hætt á að ökutæki lendi í vatni. Þar með verður öryggi vegarins meira og minni mengunarhætta í Laxá og Helluvaðsá. Til að neikvæð áhrif framkvæmdarinnar verði sem minnst verður ýmsum aðgerðum beitt á framkvæmdatíma og haft samráð við ýmsa aðila.

## 6. HEIMILDIR

1. Heimasíða Skútustaðahrepps, 2011: [www.myv.is](http://www.myv.is)
2. Heimasíða Stangaveiðifélags Reykjavíkur, 2011: svfr.is  
<http://svfr.is/Veidisvaedi/Silungsveidi/laxaimyvlaxaimyv/>
3. Námur, efnistaka og frágangur, 2002: Hafrannsóknarstofnun, Landsvirkjun, Iðnaðarráðuneytið, Umhverfisstofnun, Vegagerðin, Veiðimálastofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga, Náttúruvernd ríkisins, Veiðimálastjóraembættið, Siglingastofnun og Landgræðsla ríkisins. Reykjavík, 75 bls.
4. Náttúruminjaskrá, 2008: Heimasíða Umhverfisstofnunar, nóvember 2008.  
[www.ust.is](http://www.ust.is)
5. Skútustaðahreppur, Náttúruvernd ríkisins og Skipulag ríkisins 1997: Aðalskipulag Skútustaðahrepps 1996-2015. Greinargerð, nóv. 1997. 134 bls.
6. Umhverfisstofnun, 2011: Mývatn og Laxá. Verndaráætlun 2011-2016. Reykjavík, 56 bls.

## 7. TEIKNINGAR

- Teikning 1. Vegagerðin, (2011): Yfirlitsmynd, mkv. 1:50.000
- Teikning 2. Vegagerðin, (2011): Grunnmynd af framkvæmdasvæðinu, mkv. 1:2.000
- Teikning 3. Vegagerðin, (2011): Snið 12700-13300 á 100 m bili. mkv 1:200



Landmælingar: Vegagerðin  
 Hnitakerfi: ÍSN93 Hæðarkerfi: Landshæðarnet  
 Loftmyndatöku og myndmæling: Loftmyndir ehf.  
 Flughæð: 3000 m Mæskvastærð: 10x10 m.  
 Kortagerð: Vegagerðin

Veghönnunardeild			Hringvegur við Helluvað	24050-010
MELIKV. 1:50.000	Hannað Teikn.	GHJ OH	Yfirlitsmynd Vegrið við Helluvað	1-q9 1 of 1 Teikning 1
	Yfirf.	.		
	Samb.	.		






Landmælingar:  
 Hnitakerfi: Hæðarkerfi:  
 Loftmyndataka og myndmæling:  
 Flughæð: Mörkvastærð:  
 Kortagerð:



Veghönnunardeild		Hringvegur við Helluvað	24050-010
MELIKV. 1:2.000	Hannað GHJ		1-q9
	Teikn. OH	Grunnmynd	1 of 1
	Yfirf. .	Vegríð við Helluvað	Teikning 2
	Samb. .		



# Vegagerðin

Þversnið vegar 2-SEP-11  
Yfirborð slitlags

1-q9 Hringvegur  
Brún - Mývatnsvegur (848)

Mælikvarði 1:200  
12700.00 - 13300.00